



## Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	<b>5. desember 2023</b>	Stig:	<b>Hættustig</b>
Tekið saman af:	<b>Dagbjartur Kr. Brynjarsson</b>		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	<b>659 9099</b>

### Frá Veðurstofu

Frá nýjustu úttekt okkar sem gerð var kl. 08:10, 4. desember, ályktum við að ástandið í Grindavík og rétt norðan þess sé óbreytt miðað við síðustu sólhringa. Hættumatskortið (Kort 1) frá 22. nóvember 2023 er því óbreytt og enn í gildi.

### Jarðskjálftar


Jarðskjálftavirkni síðustu daga hefur verið mjög svipuð milli daga, flestir í kringum miðbik gangsins.

### Aflögun

Landris heldur áfram í Svartsengi og færslur mælast enn yfir kvikuganginum, en hafa hægt á sér.

### Túlkun

Minnkandi jarðskjálftavirkni og hægara landris gæti bent til þess að þessi umbrot séu í rúnun, en þó er of snemmt að slá því föstu. Einnig skal fyrirvari hafður á sökum þess að mjög lítil aflögun mældist dagana fyrir gos í Fagradalsfjalli og því þarf enn að hafa allan vara á. Þótt mikið hafi dregið úr virkni þá eru ennþá einhverjar líkur á gosi en minnka eftir því sem dagarnir líða og dregur úr þenslumerkjum.



Kort 1

## Aðgengi að svæðinu

Aðgengi að Grindavík er stýrt af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum en í dag er opið fyrir íbúa frá kl. 7 á morgnana til kl. 17 síðdegis. Fyrirtæki geta hafið starfsemi kl. 7 en þurfa að hætta starfsemi kl. 21. Fyrirtæki geta hafið rekstur þar sem lagnakerfi eru í lagi en unnið er að því að koma þessum kerfum í lag. Eigendur fyrirtækja þurfa að huga að þessu sérstaklega áður en starfsemi getur hafist á ný. Þeir hafi eigin viðbragðsáætlanir klárar fyrir sitt fólk. Fjölmíðlar hafa aðgang að Grindavík til kl. 21 daglega. Íbúum og starfsmönnum fyrirtækja verður ekki fylgt inn á svæðið en björgunarsveitir verða í viðbragðsstöðu víða um bæinn. Það sama gildir fyrir fjölmiðlafólk. Óviðkomandi er bannaður aðgangur. Bílar verða taldir inn og út af svæðinu. Fyrri rýming er eftir kl. 17 og sú seinni eftir kl. 21.

## Beiðnir frá Ferðabjónustunni.

Eftir samtal við Áfangastaðinn Reykjanes í gær óskaði Ferðamálastofa eftir að lokunarpóstur á Suðurstrandarvegi yrði færður frá gatnamótum Krísvíkurvegar og



Suðurstrandarvegur að afleggjara að Selatöngum. Með því myndu eftirfarandi áfangastaðir opnast almenningi og ferðamönnum:

- Krísuvíkurbjarg
- Húshólmi
- Selatangar
- Katlahraun

Erindinu hefur ekki verið svarað ennþá þrátt fyrir ítrekanir.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099